

FRÁSÖGN

af ársfundi þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í Belgrad 6.–10. júlí 2011

Af hálfu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sóttu fundinn Róbert Marshall formaður, Björn Valur Gíslason varaformaður og Pétur H. Blöndal, auk Kjartans Fjeldsted ritara. Fundinn sóttu um 230 þingmenn frá 53 ríkjum en yfirskrift fundarins var að þessu sinni „*Aukinn árangur og skilvirkni í starfi ÖSE – nýtt upphaf eftir leiðtogafundinn í Astana*“. Auk umbóta á starfsemi ÖSE var ástandið í ríkjum arabaheimsins, líffærasmygl í Kósóvó, staða mála í Hvíta-Rússlandi og málefni þjóðernisminnihluta meðal meginviðfangsefna fundarins.

Í upphafsávarpi sínu sagði Petros Efthymiou, forseti ÖSE-þingsins, að ÖSE ætti í djúpri tilvistarkreppu og kallaði eftir umfangsmiklum umbótum á starfsemi ÖSE til að gera stofnunina færari um að mæta þeim pólitísku og efnahagslegu úrlausnarefnum sem aðildarríkin standa frammi fyrir. Óheppilegt væri að ekki hefði náðst samstaða um framtíðarsýn fyrir stofnunina á leiðtogafundinum í Astana heldur hefðu fyrri skuldbindingar aðeins verið ítrekaðar. Meðal þeirra tillagna sem hann setti fram til úrbóta var að ráðherraráðið hittist tvisvar á ári til að styrkja pólitíska stefnumótun innan stofnunarinnar og að samstöðureglunni svokölluðu, sem veitir hverju ríki í raun neitunarvald í fastaráði ÖSE, yrði breytt enda stæði hún í vegi fyrir því að stofnunin beitti sér í mikilvægum málum.

Lamberto Zannier, nýskipaður framkvæmdastjóri ÖSE, ávarpaði einnig setningarfund þingsins. Í máli hans kom fram að hann teldi að þingmenn gætu leikið mikilvægt hlutverk í þróuninni í átt til aukins lýðræðis í arabaheiminum. Aukin skilvirkni ÖSE væri eitt af forgangsatridum hans sem framkvæmdastjóra, en nauðsynlegt væri að skilgreina betur lagalega stöðu stofnunarinnar. Þess má geta að nokkur óánægja hefur ríkt af hálfu þingsins með það ógagnsæja ferli sem farið hefur verið eftir þegar valinn er nýr framkvæmdastjóri, en João Soares, fyrrv. forseti ÖSE-þingsins, var meðal kandídata í stól framkvæmdastjóra. Þingið hafði áður kallað eftir því að stjórnmalamaður en ekki embættismaður yrði næst fyrir valinu til að auka sýnileika og pólitískt vægi stofnunarinnar en varð ekki að ósk sinni í þetta sinn.

Meðal annarra tignargesta sem ávörpuðu þingið má nefna Slavicu Đukić-Dejanović, forseta serbneska þingsins, Mirko Cvetković, forsætisráðherra Serbíu, Audronius Ažubalis, utanríkisráðherra Litháens og formann ráðherraráðs ÖSE, og Vuk Jeremić, utanríkisráðherra Serbíu.

Nokkur átök urðu um þann hluta af ályktun ársfundar sem snýr að mannlegu víddinni, en hún snýr að skuldbindingum aðildarríkjanna á sviði mannréttinda, lýðræðis og réttarríkis. Þessum skuldbindingum var m.a. beitt af andófsmönnum gegn ríkjandi stjórn kommúnista á kaldastríðsárunum í ýmsum ríkjum Austur-Evrópu. Vilji hefur verið til þess innan þingsins að styrkja úrræði ÖSE gagnvart brotum aðildarríkja á skuldbindingum sínum á því sviði, ekki síst í ljósi þróunar mála í Hvíta-Rússlandi. Þó hefur samstöðureglan komið í veg fyrir að úrræðum ÖSE sé beitt í ríkari mæli en gert er og ljóst er að mörg ríki, ekki síst nokkur fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna, eru ekki fylgjandi afnámi samstöðureglunnar og töluðu rússnesku fulltrúarnir á þinginu m.a. mjög gegn slíku.

Pétur H. Blöndal, sérlegur fulltrúi ÖSE-þingsins í fjárreiðum ÖSE, gaf stjórnarnefnd þingsins skýrslu um starf sitt á liðnu ári. Sagði hann m.a. frá nýlegri heimsókn sinni til ríkisendurskoðunar Úkraínu, sem endurskoðar reikninga ÖSE. Í máli hans kom fram að fjárveitingar utan fjárhagsáætlunar (e. *extra-budgetary funds*) sem einstök aðildarríki veita til stofnunarinnar og eyrnamerkja ákveðnum verkefnum væru veikleiki hvað varðar meðferð fjármuna stofnunarinnar. Þá lýsti hann þeirri skoðun sinni að rétt væri að ÖSE-þingið réði endurskoðanda ÖSE og fengi skýrslu hans í hendur, enda fælist ekki nóg aðhald í því að sami aðili og verið væri að endurskoða réði endurskoðandann og greiddi honum laun.

Þá lagði gagnsæis- og ábyrgðarnefnd þingsins fram skýrslu sína en í henni á Pétur H. Blöndal sæti. Síðan nefndin hóf störf eftir ársfund ÖSE-þingsins í París árið 2001 hefur hún staðið fyrir ýmsum umbótum, m.a. opnun skrifstofu ÖSE-þingsins í Vín og árlegri skýrslu framkvæmdastjóra ÖSE um fjármál stofnunarinnar á haustfundi þingsins ár hvert. Nefndin fékk einnig það hlutverk í þetta sinn að útbúa innlegg þingsins í Korfú-ferlið, sérstaklega varðandi mögulegar leiðir til að styrkja lýðræðislegt eftirlit með stofnuninni. Sem fyrr er ágreiningur milli þeirra sem líta á stofnunina eingöngu sem samstarfsvettvang milli ríkisstjórna og hinna sem líta á hina þinglegu vídd sem mikilvægan hluta stofnunarinnar. Endurspeglast þessi ágreiningur í lokaályktun leiðtogafundarins í Astana en þar voru tilvísanir í gagnsæi annars vegar og stöðu þingsins sem fullgildrar stofnunar ÖSE hins vegar fjarlægðar á síðustu stundu.

Í ályktun ársfundarins hvað varðar umbætur á starfi ÖSE er mælt með því að hlutverk framkvæmdastjóra ÖSE verði styrkt og það gert pólitískara. Framkvæmdastjóra yrði m.a. heimilað að gefa út yfirlýsingar fyrir hönd ÖSE þegar ríki gerðist sekt um brot á skuldbindingum sínum. Þá ályktaði ÖSE-þingið að ÖSE afnæmi samstöðuregluna, a.m.k. í fjárreiðum og starfsmannamálum, sem og að fjárhagsáætlun fyrir stofnunina yrði unnin til nokkurra ára í senn í stað núverandi ástands þar sem samningaviðræður um fjárhagsáætlun næsta árs standa fram á síðustu stundu með þeirri óvissu sem það hefur í för með sér fyrir starfsemi stofnunarinnar. Þá kallaði þingið eftir því að fastaráð ÖSE tæki ályktanir þess formlega á dagskrá til að bæta samskiptin milli þingsins og fastaráðsins sem og að athugað yrði að halda fundi fastaráðsins í heyranda hljóði.

Varðandi mannlegu víddina ályktaði þingið að hinn árlegi fundur sem haldinn er í fastaráðinu til að fylgja eftir skuldbindingum aðildarríkjanna á sviði lýðræðis og mannréttinda þjóni hlutverki sínu ekki nægilega vel. Kallaði þingið eftir því að fastaráðið fjallaði um mannréttindamál á a.m.k. tveggja vikna fresti á opnum fundum. Þá skoraði þingið á aðildarríkin að beita þeim úrræðum sem ÖSE hefur yfir að ráða til að tryggja að ríki uppfylli skuldbindingar sínar á sviði lýðræðis og mannréttinda, þar með talið svokallaðri „consensus minus one“ reglu þegar um er að ræða ítrekuð og alvarleg brot á þeim skuldbindingum. Í ljósi atburðanna í arabaheiminum væri einnig nauðsynlegt að auka alþjóðlegt hlutverk ÖSE í að fyrirbyggja átök og auka samvinnu við aðrar stofnanir sem sinna öryggismálum í Evrópu, ekki síst NATO.

Serbneska sendinefndin stóð fyrir sérstakri umfjöllun um smygl á líffærum úr mönnum í Kósóvó í tengslum við fundinn með þátttöku Vuk Jeremić, utanríkisráðherra Serbíu, en það var skýrsla Dicks Marty fyrir Evrópuráðsþingið í janúar sl. sem kom umræðu um málið aftur af stað. Hefur Serbía barist fyrir því á alþjóðavettvangi að fram fari óháð alþjóðleg rannsókn undir merkjum Sameinuðu þjóðanna á málinu. Í ályktun ársfundarins er kallað eftir rannsókn á ásökununum en þó ekki tilgreint að hún skuli fara fram undir merkjum SP.

Ályktun um að bjóða Palestínu og Líbanon áheyrnaraðild að ÖSE-þinginu var naumlega felld í lýðræðis- og mannréttindanefndinni. Í umræðum um ályktunina var því m.a. haldið fram að ekki væri ljóst hvort átt væri við stjórn PLO á Vesturbakkanum eða Hamas á Gaza-ströndinni. Ef Palestínumönnum yrði boðin áheyrnaraðild væri líklegt að a.m.k. þrjár sendinefndir birtust og vildu taka sæti Palestínu. Hvað Líbanon varðar var gagnrýnt að þingið ályktaði að bjóða Líbanon aðild áður en formleg beiðni um slíkt hefði borist frá líbanska þinginu.

Loks fór fram kjör í helstu embætti ÖSE-þingsins. Var Petros Efthymiou endurkjörinn forseti þingsins til eins árs og Wolfgang Grossruck frá Austurríki endurkjörinn í embætti varaforseta. Einnig voru Walburga Habsburg Douglas frá Svíþjóð og Tonino Picula frá Króatíu kjörin varaforsetar en kjör þeirra gildir í þrjú ár. Þá var Karl-Georg Wellmann kjörinn formaður stjórnmalanefndar, Serhiy Shevtsjúk formaður efnahagsnefndar og Matteo Mecacci formaður lýðræðis- og mannréttindanefndar.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.oscepa.org.